

SUÐURLANDSVEGUR MILLI FOSSVALLA OG LÖGBERGSBREKKU  
TVÖFÖLDUN VEGARINS  
2105939



## FRAMKVÆMDALEYFI

Með tilvísan í neðangreind gögn og 11. gr. reglugerðar um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012 er Vegagerðinni hér með veitt takmarkað framkvæmdaleyfi fyrir tvöföldun Suðurlandsvegar milli Fossvalla og Lögbergsbrekku.

Framkvæmdalýsing: Verkið felst í fyrrí hluta tvöföldunar Suðurlandsvegar (Hringvegur 1) frá núverandi fjögurra akreina vegi á Fossvöllum vestur fyrir Lögbergsbrekku ásamt hliðarvegum. Lengd vegkfla er um 3,3 km. Nánar um verkmörk og staðsetningu hliðarvega er vísað til yfirlitsmyndar B-001 dags. 7. júlí 2021. Komið verður fyrir bárustálsundirgöngum fyrir ríðandi umferð í stöð 10.270. Framkvæmdaleyfið takmarkast við fyrrí hluta framkvæmdarinnar (sjá framkvæmdalýsingu frá Hnit verkfræðistofu dags. í júlí 2021) og ennfremur aðeins við byggingu vegarins. Hann skal ekki tekinn í notkun fyrr en samhliða seinni hluta framkvæmdarinnar frá Lögbergsbrekku að Hólmsá ásamt þeim gatnamótalausnum sem í þeim hluta felast. Núverandi veggenging að Waldorfskóla verður um hægri beygju við núverandi gatnamót og tryggt skal að aðgengi að skóla- og sumarhúsabyggð verði ótrufluð á framkvæmdatíma.

Framkvæmd skal unnin í samræmi við fyrirliggjandi framkvæmdalýsingu og hönnunargögn sem tilgreind eru í leyfi þessu.

Eftirlitsaðili ofangreindra framkvæmda f.h. leyfisveitanda er Stefán L. Stefánsson, deildastjóri framkvæmdadeildar á umhverfissviði og skal hann tilkynna leyfisveitanda skriflega um breytingar á framkvæmdinni miðað við þau hönnunargögn sem tilgreind eru hér að neðan.

Umrætt framkvæmdasvæði er að mestu innan marka vatnsverndar. Því er mikilvægt að framkvæmdin öll sé unnin í góðu samstarfi við viðkomandi heilbrigðiseftirlit. Skal framkvæmdaaðili funda með fulltrúum þeirra áður en framkvæmdir hefjast til að yfirfara verklag við mengunarvarnir m.a. vegna hugsanlegra mengunaróhappa.

Ef merki finnast um fornleifar við framkvæmdina, sem áður voru óþekktar, skal eftirlitsaðili framkvæmda stöðva framkvæmdir og greina Minjastofnun Íslands frá fundinum. Ekki má hefja framkvæmdir að nýju fyrr en ákvörðun Minjastofnunar liggur fyrir um hvort verkið megi halda áfram og þá með hvaða skilyrðum.

Framkvæmdaleyfi þetta var samþykkt í skipulagsráði Kópavogs 2. maí 2022 og í bæjarstjórn Kópavogs 10. maí 2022.

Áætlað er að framkvæmdum ljúki 15. ágúst 2022. Framkvæmdaleyfi þetta fellur úr gildi hafi framkvæmdir ekki hafist innan tólf mánaða frá útgáfu framkvæmdaleyfisins sbr. 14. gr. reglugerðar um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012.

Kópavogi 18. maí 2022

f.h. Umhverfissviðs Kópavogsbæjar

Audur D. Kristinsdóttir, Skipulagsfulltrúi

**Framkvæmdaleyfi þetta er grundvallað á eftirtöldum gögnum:**

Gögn	Ábyrgð	Dagsetning
Umsókn Vegagerðarinnar um framkvæmdaleyfi fyrir breikku Suðurlandsvegar dags. 27. maí 2021 og breytt umsókn dags. 8. júlí 2021.	Vegagerðin	27. maí 2021, 8. júlí 2021
Álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum.	Skipulagsstofnun	9. júlí 2009
Suðurlandsvegur frá Hólmsá ofan Reykjavíkur að Hveragerði. Matsskýrsla.	Vegagerðin, Efla verkfræðistofa.	Júní 2009.
Greinargerð Kópavogsþær.	Kópavogsþær	29. apríl 2021
Lýsing framkvæmda við breikku Suðurlandsvegar	Vegagerðin, Hnit verkfræðistofa, Kanon arkitektar, Raftákn verkfræðistofa.	Júlí 2021
Starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis	Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar og Kópavogssvæðis	Drög dags. í ágúst 2021
Samþykki forsætisráðuneytis um framkvæmdir innan þjóðlendu.	Forsætisráðuneytið	6. júlí 2021
Hringvegur (1) Fossvellir-Lögbergsbrekka. Verkhönnun. Uppdrættir	Vegagerðin, Hnit verkfræðistofa, Kanon arkitektar, Raftákn verkfræðistofa.	21. apríl 2021
Hringvegur (1) Fossvellir-Lögbergsbrekka. Hefti 1 – Útboðslýsing.	Vegagerðin, Hnit verkfræðistofa, Kanon arkitektar, Raftákn verkfræðistofa.	Apríl 2021
Hringvegur. Hafravatnsvegur – Þorlákshafnarvegur. Tvöföldun – Jarðkönnun. Hólmsá – Litla kaffistofna.	Línuhönnun Verkfræðistofa.	Nóvember 2008
Hringvegur, Fossvellir – Lögbergsbrekka. Áhættumat vatnsverndar.	Vegagerðin, Hnit verkfræðistofa, Kanon arkitektar, Raftákn verkfræðistofa.	Maí 2021
Merkingar vinnusvæða	Vegagerðin	Ódagsett
Heildarbungi og ásbungi	Vegagerðin	Ódagsett
Leiðbeiningar um framsetningu útsetninga- og mæligagna.	Vegagerðin	10. desember 2015
Reglur um notkun námubifreiða	Vegagerðin	Ódagsett
Svæðisskipulag Höfuðborgarsvæðisins 2015-2040.	Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu.	2015
Aðalskipulag Kópavogsþær 2012-2024	Kópavogsþær	24. febrúar 2014
Aðalskipulag Kópavogsþær 2019-2040.	Kópavogsþær	28. desember 2021
Umsögn skipulagsdeildar um innkomnar athugasemdir og ábendingar á kynningartíma.	Kópavogsþær	1. október 2021.